

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 420/1988. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Sighvati Andréssyni**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1988 að ósk ákærða og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til refsipýngingar. Meðákærði í héraði unír héraðsdómi.

Í héraðsdómi er réttilega bent á að í II. kafla ákæru séu ekki tilgreindar fjárhæðir tékka þeirra sem þar um ræðir. Athugasemd um vöntun á heimfærslu til refsíákvæða á hins vegar ekki við þar sem tilvísun í upphafi ákærunnar til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á við báða kafla hennar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota ákærða til refsíákvæðis.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 72. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en tilvísun til 255. gr., sbr. 71. gr. sömu laga, svo sem gert er í héraðsdómi, á hér ekki við.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sighvatur Andrússon, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 22. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 493-494/1988: Ákæruvaldið gegn X og Sighvati Andrússyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 10. júní sl. gegn ákærðu, X ... og Sighvati Andrússyni, atvinnulausum, Skriðustekk 19 hér í borg, f. 27. mars 1949 á Ragnheiðarstöðum, Gaulverjarbæjarhreppi, Árnessýslu, „fyrir eftirtalin tékkafalsbrot samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, framin á árinu 1988 í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í aprílmánuði staðið saman að fölsun 5 tékka á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Sparisjóði Hafnarfjarðar, en tékkana fyllti ákærði Sighvatur út með falsaðri undirskrift Harðar Karlssonar og reikningsnúmerinu 6782. Þeir eru gefnir út til handhafa nema sá fyrsti til ákærða X, en hann framseldi þá alla með eigin nafni nema tékka nr. 2596422.

1. Nr. 2596414, kr. 68.000,00, dagsettur 12. apríl.

2. Nr. 2596417, kr. 69.000,00, dagsettur sama dag. Báða þessa tékka notuðu ákærðu í Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúinu í Breiðholti.

3. Nr. 2596411, kr. 5.000,00, dagsettur 11. apríl. Ákærðu versluðu með tékkanum í matvöruverslun B. Baldurssonar, Þinghólsbraut 21, Kópavogi.

4. Nr. 2596422, kr. 5.000,00, dagsettur 11. apríl. Ákærðu greiddu með tékkanum veitingar í veitingahúsinu Hrafninum, Skipholti 37.

5. Nr. 2596412, kr. 5.000,00, dagsettur 11. apríl. Ákærðu notuðu tékkann í söluturninum Vesturgötu 27.

II.

Gegn ákærða Sighvati Andrússyni einum er málið höfðað fyrir að falsa í janúarmánuði 2 tékka á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en ákærði notaði nafn útgefanda Ingibjörg H. Þorsteinsdóttir, reikningsnúmer 15948 og gaf tékkana báða út 25. janúar til handhafa. Þeir eru á eyðublöðum nr. 3728539 og 3728550 og fékk ákærði

félaga sinn til að koma þeim báðum í verð í sælgætisversluninni Candis, Eddufelli 6.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

I.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Um miðjan aprílmánuð sl. komst ákærði Sighvatur yfir eyðublöð úr tékkhefti Harðar Karlssonar, Grjótgarði, Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði, frá Sparisjóði Hafnarfjarðar ásamt bankakorti og ökuskirteini Harðar, er báðir voru gestkomandi á Gistiheimilinu við Brautarholt 22 hér í borg. Hann útfyllti framhlið 5 tékkaeyðublaðanna, samtals að fjárhæð kr. 152.000,00, og gaf þá út í nafni Harðar Karlssonar og ritaði undir það nafnnúmer hans. Hann hafði nafnskirteini Harðar til hliðsjónar við útfyllingu tékkanna og henti því svo. Tékkunum er rétt lýst að allri gerð í I. kafla ákæru.

Ákærði Sighvatur fékk meðákærða X til að selja fyrir sig framangreinda tékka, en beið á meðan í bifreið fyrir utan þá staði þar sem þeir voru seldir. Hefur Sighvatur borið að X hafi verið það fullkunnugt að tékkarnir voru falsaðir.

Ákærði X framseldi tékkann í 2. lið að fjárhæð kr. 69.000,00 með eigin nafni. Seldi hann tékkann í Iðnaðarbanka Íslands, Breiðholti, þann 12. apríl. Um leið stofnaði hann þar sparisjóðsbók nr. 29999 og lagði inn á hana kr. 55.000,00 af andvirði tékkans, en mismuninn fékk hann greiddan í peningum. Samdægurs fór hann í Iðnaðarbankann í Hafnarfirði og tók út úr sparisjóðsbókinni kr. 50.000,00. Daginn eftir fór ákærði á ný í Iðnaðarbankann í Breiðholti og seldi þar og framseldi með sínu nafni tékkann í 2. lið að fjárhæð kr. 68.000,00. Lagði hann kr. 50.000,00 inn á framangreinda sparisjóðsbók af andvirði tékkans, en fékk mismuninn, kr. 18.000,00, greiddan í peningum. Þessu næst fór hann rakleiðis í Iðnaðarbankann í Hafnarfirði og hugðist taka út úr bókinni þær 50.000,00 krónur sem hann hafði lagt inn, en var neitað um það þar sem óljóst var hvort innistæða væri næg á reikningnum. Þennan sama dag fór hann í aðalbanka Iðnaðarbankans og tók út úr bókinni kr. 5.000,00. Þá gaf X Bergþóru Eggertsdóttur skriflega heimild til að taka kr. 30.000,00 út úr bókinni, er Bergþóra falaðist eftir því er hún komst að raun um að hann átti innistæðu á sparisjóðsreikningum, en X skuldaði henni peninga sem hún hafði árangurslaust beðið hann að endurgreiða. Er Bergþóra hugðist taka peningana út af bókinni var henni neitað um þá úttekt af fyrrgreindri ástæðu.

Ákærði X framseldi með eigin nafni tékkana í 3. og 5. lið og seldi þá ásamt tékkanum í 4. lið á þeim stöðum sem þar er getið. Voru ákærðu

saman við sölu tékkanna og nutu saman góðs af þeim vörum og veitingum sem fyrir þá fengust.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði X hafa vitað að meðákærði Sighvatur hefði stolið ofangreindum tékkaeyðublöðum að Brautarholti 22 og útfyllt þau og hann því vitað að ofangreindir 5 tékkar voru falsaðir er hann seldi þá. Fyrir dómi bar X hins vegar á þann veg að honum hafi ekki verið þetta kunnugt, heldur hafi Sighvatur borið því við er hann bað hann að selja tékkana að hann hefði ekki skilríki og gæti því ekki selt tékkana. Honum hafi að vísu mátt vera ljóst að tékkarnir voru falsaðir eins og í pottinn var búið og þar sem hann vissi að meðákærði var afbrotamaður.

Með játningu beggja ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, telst sannað að þeir stóðu saman að sölu hinna 5 fölsuðu tékka. Með hliðsjón af framburði ákærðu og ef lítið er til þess með hvaða hætti staðið var að sölu tékkanna í 1. og 2. lið og úttekktum af sparisjóðsbók þeirri, sem ákærði X stofnaði um leið og fyrri tékkinn var seldur, hlaut ákærða X að vera ljóst að tékkarnir voru falsaðir er hann seldi þá.

Varðar framangreind sala ákærðu á ofangreindum 5 tékkum við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Matvöruverslun B. Baldurssonar, Þingholtsbraut 52, Kópavogi, hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur hinum seku að fjárhæð kr. 5.000,00 ásamt hæstu leyfilegum vöxtum. Ákærðu hafa báðir samþykkt að greiða kröfuna og verða þeir dæmdir til að greiða höfuðstól hennar ásamt almennum vöxtum frá 11. apríl 1988 til greiðsludags.

Aðrir hafa ekki lagt fram bótakröfur vegna hinna fjögurra tékkanna, enda liggja þeir frammi í ljósriti.

II.

Miðvikudaginn 26. janúar sl. fékk ákærði Sighvatur Andrésson Pétur Ómar Pétursson til að selja fyrir sig tvo tékka úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, en eyðublöðunum hafði hann stolið úr tékkhefti eigandans, sem var gestkomandi í sömu íbúð og ákærði að Fannarfelli 10. Ákærði gaf tékkana út í nafni eiganda heftisins, Ingibjargar H. Þorsteinsdóttur, og ritaði einnig undir þá nafnnúmer hennar. Tékkarnir eru gefnir út til handhafa þann 25. janúar 1988 á eyðublöð nr. 3728539 að fjárhæð kr. 4.000,00 og nr. 3728550 að fjárhæð kr. 5.500,00. Pétur Ómar seldi báða tékkana að kvöldi 26. janúar í versluninni Candís, Eddufelli 6. Hann keypti vindlingapakka við sölu fyrri tékkans, en fór með hann ásamt peningunum sem fengust til baka í íbúðina að Fannarfelli 10 og afhenti ákærða. Skömmu síðar sama kvöld fóru ákærði og Pétur Ómar í leigubifreið að sömu verslun. Bað ákærði Pétur Ómar að skipta síðargreinda tékkanum

þar, sem hann og gerði. Afgreiðslumanninn grunaði að ekki væri allt með felldu þegar hann hafði skipt tékkanum og áttað sig á því að Pétur Ómar hafði selt annan tékka fyrir um kvöldið. Fór hann því út á eftir Pétri Ómari og náði honum í leigubífreiddinni. Krafði hann Pétur Ómar um peninga þá sem hann fékk fyrir tékkann, en Pétur Ómar benti þá á ákærða og kvað hann hafa peningana. Fékk afgreiðslumaðurinn kr. 3.900,00 af peningunum hjá ákærða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Pétur Ómar er ekki ákærður fyrir þátt sinn í málinu.

Í ákæru er hvorki getið upphæðar framangreindra tveggja tékka né við hvaða refsíákvæði ákærði hefur gerst brotlegur. Annmarkar þessir koma ekki í veg fyrir að dómur verði lagður á þetta ákæruefni, sbr. 3. mgr. 118. gr. 1. nr. 74/1974.

Verslunin Candís, Eddufelli 6, hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur útgefanda eða framseljanda tékkanna að fjárhæð kr. 5.600,00 ásamt dómvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags. Ákærði hefur fallist á að greiða kröfuna og verður hann dæmdur til að greiða höfuðstól hennar ásamt almennum vöxtum frá 26. janúar 1988.

III.

Sakaferill ákærðu:

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sighvats hefur hann á árunum 1966-1987 hlotið 33 refsídóma, samtals fangelsi í 6 ár og 5 mánuði og 50 daga varðhald, aðallega fyrir þjófnað, skjalafals og ölvun við akstur. Síðast hlaut ákærði dóm þann 2. júlí 1987, 30 daga fangelsi fyrir réttindaleysi við akstur, en á árunum 1985 og 1986 hlaut hann 5 refsídóma, þar af 3 fyrir skjalafals og 1 fyrir fjársvik.

Ákærðu eru báðir sibrotamenn og verður refsing þeirra ákveðin með hliðsjón af 72., 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákærða X einnig með hliðsjón af 78. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærðu beggja hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Þá eru ákærðu dæmdir til að greiða sakarkostnað óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, X og Sighvatur Andrésson, sæti hvor um sig 6 mánaða fangelsi.

Ákærðu X og Sighvatur greiði óskipt Matvöruverslun B. Baldurs-

sonar, Þingholtsbraut 21, Kópavogi, kr. 5.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 11. apríl 1988 til greiðsludags. Ákærði Sighvatur greiði versluninni Candis, Eddufelli 6, kr. 5.600,00 ásamt almennum vöxtum frá 26. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 39/1988. **Hörður Harðarson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Íslensk-tékkneska verslunarfélaginu

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Lausafjárkaup. Ábyrgðarskirteini. Galli. Lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988, krefst þess að stefnda verði dæmt til að greiða honum 25.872,00 krónur. Af þessari fjárhæð krefst hann ársvaxta sem hér segir: 24% frá 1. janúar 1985 til 1. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 7. október 1986 og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar. Til vara krefst áfrýjandi 12.936,00 króna með vöxtum eins og í aðalkröfu svo og málskostnaðar.

Hið stefnda hlutafélag krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Skilmálar ábyrgðaryfirlýsingar þeirrar, sem deilt er um í málinu, eru svohljóðandi: